

Netvarinn

26.11.2024

Netvarinn er öflug vörn sem lokar fyrir óæskilegt efni á netinu og vinnur best með öðrum vörnum eins og foreldrastýringu, hugbúnaðarstýringu, eldveggjum og veiruvörnum.

Netvarinn fylgir ókeypis með öllum netáskriftum Símans og þú getur kveikt á honum á [þjónustuvefnum okkar](#).

Hvernig virkar Netvarinn?

Netvarinn er svokölluð DNS sía sem virkar á öll tæki á netinu þínu. Í hvert sinn sem eitthvað tæki reynir að opna vefsíðu athugar Netvarinn hvort sú síða sé á lista yfir síður sem innihalda efni sem þú hefur lokað fyrir. Ef síðan kemur upp á bannlista er ekki hægt að opna hana á netinu þínu.

Netvarinn býður upp á tvær mismunandi síur sem leyfa þér að stilla mörkin á netinu þínu.

Netvari 1

Lokar fyrir síður sem innihalda:

- Barnaklám
- Njósnaforrit
- Veirur

Lokar fyrir vefi sem:

- Villa á sér heimildir
- Gætu stolið persónuupplýsingum.

Netvari 2

Lokar fyrir allt í Netvara 1.

Lokar fyrir síður sem innihalda:

- Klámfengið efni
- Upplýsingar um eiturlyf
- Áhættuspil
- Hatur eða fordóma
- Ofbeldi
- Annað ólöglegt efni



Ert þú með uppástungu?

Hafðu samband við þjónustuverið okkar ef þú ert með hugmyndir að vefsíðu eða efni sem þú vildir geta lokað á með Netvaranum. Við erum alltaf glöð að fá ábendingar!